

STARFSSKÝRSLA SAMBANDS ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA



2015
-
2016



LÖGÐ FRAM
Á AÐALFUNDI
4. MAÍ 2016

EFNISYFIRLIT

1. ALDJÓÐASTARF 3

Eþíópía

Kenía

Japan og Suðvestur-Asía

Fjölmiðlastarf

2. INNANLANDSSTARF 6

Störf stjórnar og starfsmenn á heimavelli

Kynning og tengsl innanlands

Kristniboðsvika

Mótshald

Kristniboðssalurinn

Basarinn

Biblíuskóli SÍK

Stefnumörkun

Ferðir til kristniboðslandanna

3. ÚTGÁFA OG KYNNINGARMÁL 8

Kristniboðsfréttir

Bjarmi

Kristniboðspósturinn

Almanakið

Vefsíðan www.sik.is

Bókaútgáfan Salt ehf.

4. SAMSTARFSVERKEFNI 9

Samstarfssamtök

Lindin og samkirkjulegt starf

Mannúðarsamtök

í þróunarsamvinnu

5. FJÁRMÁL OG SKRIFSTOFA 10

Skrifstofa og afgreiðsla


Basarinn

Fjármál

ÞAKKARORÐ 11

INNGANGUR

Enn getum við litið í þakklæti til tækifæra sem við höfum haft til að boða fagnaðarerindið um kærleika Guðs í Jesú Kristi og til að mæta fólki í neyð og þörf með margvíslegri kærleikspjónustu kristniboða og samstarfsaðila okkar með ýmsum hætti. Starfið heldur áfram að vaxa og breiðast út til nýrra svæða og ný verkefni blasa við. Við þökkum öllum, sem með einum eða öðrum hætti, hafa stutt starfið eða einstök verkefni þess.



UMSJÓN: RAGNAR GUNNARSSON
HÖNNUN OG UMBROT: HERMANN INGI RAGNARSSON

1. ALÞJÓÐASTARF

EPÍÓPÍA

Á rúmum 60 árum hefur fjöldi kristniboða starfað í þjónustu SÍK í Eþíópíu. Þrátt fyrir að hafa ekki fasta kristniboða í landinu eins og er styður Kristniboðs-sambandið við bakið á starfinu í suðvesturhluta landsins með margvíslegum hætti og var með skammtímakristniboða á vettvangi.

Kirkju- og safnaðarstarf

SÍK styrkir ýmis verkefni á vegum kirkjunnar, svo sem þýðingu Biblíunnar yfir á tungu Tsemai-manna sem búa í Voitódalnum. Þar styrkir SÍK einnig fjárhagslega umfangsmikið boðunarverkefni til nýrra staða. Í Ómó Rate hafa íslenskir kristniboðar tekið þátt í boðunarstarfi og safnaðaruppbyggingu á liðnum árum. Karl Jónas Gíslason var í Ómó Rate og víðar í þrjá mánuði í haust ásamt þrem ungum sjálfboðaliðum. Einn þurfti reyndar að yfirgefa landið fyrr en áætlað var. Kristniboðarnir Ingibjörg Ingvarsdóttir og Jónas Þórisson dvöldu þrjá mánuði í Eþíópíu í byrjun árs til að fylgja eftir því starfi sem þar hefur verið unnið á liðnum árum. Lengst voru þau í Konsó. Kirkjuforystan í Konsó metur heimsóknir sem þessa mjög mikils og óskar eftir því að tengslin haldi áfram og styrkist.

Meðal annarra verkefna í landinu er styrkur við nemendur presta- og leiðtogaskóla og biblíuskóla kirkjunnar í Addis Abeba og rekstur biblíu- og kristniboðsskólans í Awasa. Það er von stjórnarinnar að geta sem fyrst sent kristniboða til starfa í Eþíópíu.

Fjölgun í Mekane Yesu kirkjunni í Eþíópíu var tæp 8% í fyrra og nú teljast um 7,9 milljónir til hennar og er fjölmennasta lútherska kirkjan í heiminum.



Kirkjan í Konsóhéraði telur um 60 þúsund manns sem skiptast á 85 söfnuði. Starfið í Voító er vaxandi og eru 933 skráðir í kirkjuna á starfssvæðinu. Starfið í Ómó Rate er enn ungt en mörg tækifæri til starfa ef við hefðum fólk til að vera á staðnum.

Þróunarverkefni

Lestrarverkefnið í Ómó Rate hefur nú staðið yfir í sjö ár og miðar að því efla lestrarkunnáttu almennt og að kenna fólki að kenna öðrum að lesa. Í sumar fara kristniboðarnir Karl Jónas Gíslason og Ragnheiður Guðmundsdóttir til Ómó Rate til fylgja því verkefni sérstaklega eftir. Verkefnið *Af götu í skóla* fór af stað í lok árs 2007 og hefur gengið vel. Um 30 börn og fjölskyldur fá hjálp til að koma í veg fyrir að börnin betli á götum höfuðborgarinnar Addis Abeba. Samstarfsaðilar SÍK í þessu verkefni eru samtökin *Hope For All Children* og *My Sisters*.



KENÍA

Norðvesturbiskupsdæmi Evangelísk lútersku kirkjunnar (ELCK NWD) í Keníu, er samstarfsaðili okkar og starfssvæðið Pókothérað og nærliggjandi sveitir og héruð í Keníu. Kristniboðarnir Fanney Ingadóttir og Jón Fjölur Albertsson dvöldu í Kapenguría í 5 vikur, m.a. yfir jól og áramót og tóku þátt í útbreiðsluverkefni kirkjunnar og öðrum deildum starfsins. Eins dvöldu kristniboðarnir Kjellrun Langdal og Skúli Svavarsson í byrjun árs í sex vikur í Kapenguría og tóku þátt í fræðslu á biblíuskólanum og sinnu ráðgjöf.



Kirkju- og safnaðarstarf

Stærsta framlag okkar til kirkjustarfsins er stuðningur við útbreiðsluverkefni kirkjunnar en á vegum þess starfa fjórir prestar og nokkrir prédikarar sem studdir eru til náms. Starfið hefur farið vaxandi og teygir sig inn í nærliggjandi héruð og lönd. Fylgt er markvissri áætlun um að fara til nýrra staða sem flestir eru úr alfaraleið. Þar á meðal eru svæði innan Túrkana, Baringo og nágrennalandsins Úganda. Við vonumst til að geta sent kristniþóða aftur til Kapenguria en meðan við höfum ekki fólk viljum við senda sjálfboðaliða eða kristniþóða til starfa í styttri tíma í senn til að sinna fræðslumálum og ráðgjöf. Söfnuðir og starfsstöðvar Norðvesturbiskupsdæmisins eru nú um 250 talsins.



Þróunarverkefni

Kirkjan hefur í samstarfi við kristniþóðssamtök og þróunarstofnanir á Norðurlöndum byggt um 100 grunnskóla í Pókothéraði og fimmtán framhaldsskóla, sem eru ekki allir fullbyggðir. Kirkjan hefur tekið að sér enn fleiri grunnskóla sem styrktaraðili í þeirri von að geta mætt þörf heimamanna og ósk um menntun. Skólaganga hefur margt gott í för með sér og ýtir m.a. undir jákvæða þróun samfélagsins og lýðræðishugsun. Vandinn er hins vegar sá að framhaldsskólanámið kostar sitt og fjölskyldur kosta oft miklu til og selja bæði búfénað og land til að greiða fyrir nám barna sinna. Von okkar er að geta stutt frekar við þennan þátt starfsins. Við höfum stutt börn og unglinga til náms en flestir styrkirnir eru gefnir af einstaklingum hér til einstaklinga eða fjölskyldna úti. Við reiknum með því að veita fjármunum til byggingu framhaldsskóla í Pókot í ár.

JAPAN OG SUÐVESTUR-ASÍA

Upphafsár Kristniþóðssambandsins á alþjóðavettvangi voru í Kína. Árið 2010 bættist Japan við sem kristniþóðsland. Aðeins tæplega 1% þjóðarinnar telst kristinnar trúar. Leifur Sigurðsson, kristniþóði starfaði þar ásamt eiginkonu sinni Katsuko frá 2014-2015. Þau héldu aftur til Japans í fyrrasumar til starfa á Rocko-eyju fyrir utan Kobe í Japan. Þeirra hlutverk er að ná út til nýrra í nærumhverfi sínu en Leifur sér um ungmennahóp kirkjunnar, prédikar mánaðarlega og er með Biblíulestra bæði í kirkjunni og heimahúsi. Auk þess vinnur Leifur einn dag vikunnar að verkefnum fyrir samstarfsaðila okkar, Norska Lútherska kristniþóðssambandið (NLM).

TJALDGJÖRÐARKRISTNIÞÓÐ

Aðalfundur samþykkti fyrir fjórum árum að stíga skref í átt að vaxandi tjaldgjörðarkristniþóði sem byggir á því að fólk fer til starfa en sér sjálfu sér farborða. Það sinnir kristniþóði í frítíma sínum sem sjálfboðaliðar. Hluti af því er samstarf við hjónin Noru og Gísla Jónsson sem starfa við ráðgjöf og baráttu gegn mansali í Búlgaríu. Samstarfið felst í því að taka við söfnunarfé til starfs þeirra, styrkja þau lítilsháttar og miðla fréttum og fyrirbænaefnum hér á landi. Kristniþóðssambandið styrkir einnig Janet Sewell kristniþóða sem vinnur fyrir Hellenistic Ministries í Grikklandi við boðunarstarf og aðstoð við flóttamenn.

FJÖLMÍÐLASTARF

NOREA og Sat-7

SÍK styrkir ákveðnar sendingar NOREA-radio og samstarfsaðila til Kína. Markhópur þessara sendinga er einkum fólk á landsbyggðinni sem ekki kemst í kirkju og hefur takamarkaða þekkingu á kristinni trú. Framlag okkar er 50.000 norskar krónur á ári.

SÍK er samstarfsaðili Sat-7, samkirkjulegs sjónvarpsstarfs í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku sem fagnaði 20 ára starfsafmæli í aprílmánuði. Framlag Kristniboðssambandsins er um 2 milljónir króna á ári. Um 80% af dagskránni er framleidd af kristnu fólki á heimavelli á arabísku, tyrknesku eða farsí. Undanfarin ár hafa reynst mörgum erfið vegna stríðsástands, flóttafólks og umsvifa Íslamska ríkisins sem hefur haft áhrif á starf Sat-7. Með boðun og fræðslu er reynt að styrkja kirkjurnar og kristið fólk á svæðinu til að iðka trú sína í aðstæðum sem oft eru mjög erfiðar.

Fimm rásir heyra nú undir Sat-7, þar af ein sem er eingöngu með barnaefni. Sat-7 hefur tekist að fá sendingar inn á þá gervihnetti sem mest eru notaðir í Mið-Austurlöndum og nú er tyrkneska rásin send út á ríkisreknum gervihnetti. Áhorfendur eru um 15 milljónir þar af um 10 milljónir börn og unglingar.

Sat-7 er kristileg sjónvarpsstöð en nokkrir þættir eru hugsaðir til að bæta kjör og líf áhorfenda. Stundum er um að ræða dagskrárbrot í þeim þáttum sem sendir eru út en einnig eru sérstakir þættir með almennri fræðslu. Er það ekki síst til að ná til stórs hóps áhorfenda sem eru ólæsir. Einnig má nefna dagskrá sem miðar að því að styrkja vaxandi hóp einstæðra kvenna og mæðra og rjúfa einangrun þeirra og sérstakan sjónvarpsskóla fyrir börn í flóttamannabúðum þar sem kennd er arabíska, enska og stærðfræði.



Önnur erlend tengsl og samstarf

Kristniboðssambandið er í tengslum og samstarfi við ýmsa aðila erlendis. Helst er að nefna NLM, en starfið í Eþíópíu, Keníu og Japan er unnið í samstarfi við það. Við erum einnig í samstarfi við ungliðahreyfinguna, NLM-Ung og Fjellheim, biblíuskóla NLM í Tromsø í Norður-Noregi. Sérlega gleðilegt er að 28 manns sóttu Ungdommens Landsmöte (UL) í Noregi í fyrrasumar og allt útlit fyrir að jafnstór hópur fari aftur í ár. Í lok febrúar fékk SÍK heimsókn frá NLM ung til að styrkja frekar þessi tengsl.

Samskipti við kirkjurnar í Eþíópíu, Japan og Keníu fara að mestu í gegnum NLM, en þó ekki einvörðungu. Bein tengsl eru við Konsó og Suðvestursýnódu Mekane Yesus kirkjunnar í Eþíópíu og við Norðvesturbiskupsdæmi kirkjunnar í Keníu.

SÍK er aðili að Nordisk Indremisjonsráð og situr framkvæmdastjóri í stjórn þess. Einn biblíuskólanemi frá Íslandi fékk styrk frá SÍK til náms í skólum samstarfssamtakanna í vetur.

SÍK er fulltrúi Íslands í European Evangelical Missionary Alliance (EEMA). EEMA heldur fjölmennt kristniboðsmót fyrir ungt fólk, Mission-net, í Pýskalandi um önnur hver áramót.

SÍK hefur einnig í fjögur ár verið hluti af Nordisk Teltmaker Netverk með Heimamissioninni í Færeyjum og nokkrum litlum kristniboðssamtökum á Norðurlöndum.

Samson Lokipuna biskup Norðvesturbiskupsdæmis ELCK í Keníu heimsótti Ísland í júlí ásamt eiginkonu sinni Rahel. Þau tóku þátt í samkomu í Kristniboðssalnum og sumarmóti SÍK að Löngumýri í Skagafirði.

Framkvæmdastjóri SÍK er einnig í sambandi við fulltrúa Campus Crusade for Christ í Sviss til að skoða hugsanlegt samstarf á ákveðnum sviðum í framtíðinni.

2. INNANLANDSSTARF

STÖRF STJÓRNAR OG STARFSMENN Á HEIMAVELLI

Eftir aðalfund 2015, sem haldinn var 13. maí, sátu eftirtalin í stjórn SÍK: Ólafur Jóhannsson (2015-2018) formaður, Birna Gerður Jónasóttir (2015-2018) varaformaður, Hermann Bjarnason (2014-2017) gjaldkeri, Guðlaugur Gunnarsson (2014-2017) ritari, Haraldur Þórðarson (20015-2018), Kristján S. Sigurðsson (2013-2016) og Páll Friðriksson (2013-2016). Sveinbjörg Björnsdóttir og Ingveldur Ragnarsdóttir voru kjörnar varamenn til eins árs. Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins, hefur einnig setið fundi stjórnar en Kristín Bjarnadóttir í námsleyfi hans fyrstu þrjá mánuði þessa árs. Stjórn SÍK fundaði ellefu sinnum á starfsárinu. Helstu viðfangsefni stjórnar voru stefnumörkun, fjármál, skipulags- og starfsmannamál, starfið á kristniboðs-akrinum og starfið á heimavelli. Aðrir starfsmenn skrifstofu og Basarsins eru Karl Jónas Gíslason, Kristín Bjarnadóttir og Kristján Þór Sverrisson í fullu starfi og Hermann Ingi Ragnarsson og Ragnheiður Arnkelsdóttir í hlutastarfi. Starfsfólkið sér um kynningu starfsins, útgáfumál, umbrot, bókhald, afgreiðslu og fjáröflun, auk annarra verkefna. Sólveig Lára Kristjánsdóttir hefur séð um þrif Basarsins og Kristniboðssalarins. Hildur Bjarnadóttir og Anna Sigurðardóttir sinntu tímabundnum afleysingum á Basarnum í fjarveru Karls Jónasar.

KYNNING OG TENGL INNANLANDS

Mestur hluti kynningar- og boðunarstarfs SÍK fór fram á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þar sem ýmsir hópar, félag, kirkjur og skólar voru heimsóttir. Margar sóknir þjóðkirkjunnar voru heimsóttar í vetur og sinnti Kristján Þór Sverrisson þeim að mestu leyti ásamt konu sinni, Helgu Vilborgu Sigurjónsdóttur. Djákna- og guðfræðinemar heimsækja okkur í stofnanakynningum hvert vor. Útvarpsguðspjónusta á kristniboðsdaginn var frá Fella- og Hólakirkju þar sem framkvæmdastjóri SÍK prédikaði.

KRISTNIBOÐSFÉLÖG OG EINSTAKLINGSÆILD

Starfsmenn hafa tekið þátt í ýmsum fundum kristniboðsfélaganna sem eru burðarás Kristniboðs-

sambandsins. Þar er fólk sem biður trúfastlega fyrir kristniboðinu, gefur reglulega til þess og sinnir ýmiss konar fjáröflun og sjálfbóðaliðastarfi. Kristniboðsfélögin taka flest samskot á samverum sínum, sum hafa tekið að sér að kosta ákveðna þætti starfsins, mörg þeirra standa fyrir einhvers konar fjáröflun, s.s. fjáröflunarsamkomu, kaffisölu, matarkvöldi, jólabasar, og sölu annarra muna og fleiru. Þá má geta þess að starf hvers kristniboðshóps eða kristniboðsfélags er mismunandi. Sumir hittast oft, aðrir sjaldan. Sumir halda eigin samverur meðan aðrir hópar tengjast samkomum eða guðspjónustum og taka virkan þátt í þeim þegar við á.

Loks má geta þess að ýmsir vinir kristniboðsins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi, biðja fyrir starfinu og styðja það fjárhagslega af mikilli trúfesti, án þess að vera í kristniboðsfélagi. Allir þessir einstaklingar leggja sitt af mörkum og mynda stóra heild og bakvarðasveit starfsins sem er ómetanleg. Er þeim hér með þakkað af alhug.

KRISTNIBOÐSVIKA

Kristniboðsvikan í Reykjavík í upphafi marsmánaðar tókst vel. Undirbúningur var í höndum Karls Jónasar Gíslasonar ásamt fulltrúum kristniboðsfélaganna. Samverur vikunnar voru haldnar í Breiðholtskirkju, Kristniboðssalnum, og húsi KFUM og KFUK við Holtaveg.



MÓTSHALD OG KRISTNIBOÐAVÍGSLA

Árlegt kristniboðsmót á Löngumýri var haldið í júlí og voru mótsgestir mjög ánægðir. Á dagskránni

voru biblíulestur, vitnisburðarstund, samfélagsstund, kristniboðssamvera og þátttaka í guðspjónustu í Miklabæjarkirkju. Í undirbúningsnefnd voru Skúli Svavarsson og Jón Oddgeir Guðmundsson. Á mótinu var Katsuko, eiginkona Leifs Sigurðssonar, vígð til kristniboða af Samsoni Lokipuna, biskupi í Keníu með þátttöku framkvæmdastjóra, kristniboða og stjórnarfólks.

KRISTNIBOÐSSALURINN

Eins og undanfarin ár eru samkomur í Kristniboðssalnum á hverju miðvikudagskvöldi. Trúfastur hópur fólks sækir samkomurnar, yfirleitt 25-40 manns. Áhersla er lögð á boðun Orðsins og gott samfélag. Margar hugleiðingar á samkomum eru teknar upp og reynt að hafa þær aðgengilegar á vefsíðunni sik.is. Í haust tók til starfa samkomunefnd sem í sitja Margrét Jóhannesdóttir, Bjarni Gunnarsson, Hulda Björg Jónasdóttir, Leifur Þorsteinsson, Páll Friðriksson og Ragnar Gunnarsson.

Annar hvern föstudag eru fjölskyldusamverur sem byrja með mat kl. 18. Þar hefur náðst til nýs hóps sem ekki kemur að kvöldi til. Umsjón hefur Helga Vilborg Sigurjónsdóttir. Föstudagsklúbburinn hélt áfram starfi sínu fyrir 10-15 ára sem Harpa Schram og Hans Patrekur Hansson sjá um en hópurinn hittist annan hvern föstudag. Salt kristið samfélag hefur nú samkomur í salnum á sunnudögum kl. 14.

Auk samkomuhaldsins og félagsfunda Kristniboðsfélags karla og Kristniboðsfélags kvenna, sem eiga salinn ásamt SÍK, hafa ýmsir aðrir hópar fengið salinn að láni eða á leigu, þar á meðal Kristilegt félag heilbrigðisstétta, Kristilegt stúdentafélag, Netkirkjan með vikulegar bænastundir og samfélag kristinna Eþíópa sem hefur þar samverur flest laugar-dagskvöld. Páll Friðriksson situr í stjórn salarins fyrir hönd Kristniboðssambandsins en Kristján S. Sigurðsson og Hulda Björg Jónasdóttir fyrir kristniboðsfélögin.

ÍSLENSKUKENNSLA

Í haust var ákveðið að bjóða upp á ókeypis íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna. Markmiðið er að veita þessa þjónustu og fá um leið tækifæri til að mynda tengsla við þennan hóp í ríkari mæli en verið hefur. Um 40 manns eru skráðir og eru flestir konur. Sumar hafa börnin með sér. Kennt er á þriðjudags- og föstudagsmorgnum. Agnes T. Ragnarsson hefur

yfirumsjón með starfinu. Kristín Bjarnadóttir sér um kennsluna en fjöldi fólks aðstoðar við barnagæslu, samtöl og þjálfun í talmáli. Stutt hugleiðing á ensku er í upphafi hvers kennslutíma.

FINNSKIR SJÁLFBODALIÐAR OG OPNUN VEFÍÐUNNAR FJALLID.IS

Í janúar komu til landsins ung hjón, Eveliina Uusikartano og Tobias Meriö, frá Finnlandi, með bakgrunn í Finish Lutheran Mission, til að starfa sem sjálfbodaliðar fyrir Kristniboðssambandið. Markmiðið var að efla tengsl og starf meðal ungs fólks. Þau hafa verið ötul við að mynda tengsl og beinn ávöxtur af starfi þeirra er vefsíðan fjallid.is sem verður opnuð 16. maí. Þar munu birtast hugvekjur og greinar um ýmislegt er snertir trúna með það markmið að höfða til ungs fólks.

BASARINN

Basarinn er ekki einungis nytjamarkaður heldur einnig starfsstöð þar sem við komumst í samband við fólk, kynnum starfið, spjöllum við það og veitum sálgæslu og bjóðum fólki að taka þátt í starfi Kristniboðssambandsins. Basarinn heldur úti Facebook síðu sem um 650 manns hafa merkt við sem ánægjuefni. Salan í Basarum jókst aðeins í fyrra miðað við árið á undan. Rými okkar á efri hæðinni í Austurveri var selt og í undirbúningi er stækkun plássins á jarðhæð ef tilskilin leyfi fást. Í basarnefnd sitja Ólafur Jóhannsson formaður, Hermann Bjarnason, Rúna Þráinsdóttir og Ragnhildur Gunnarsdóttir auk Karls Jónasar, umsjónarmanns.

BIBLÍUSKÓLI SÍK

Starfsemi Biblíuskóla SÍK var aðeins minni en í fyrra en rúmlega 10 manns sóttu námskeið haustmisseris. Kennt var allflesta miðvikudaga kl. 18-20. Áframhaldandi starf er í endurmati og skoðun með næsta vetur í huga.

STEFNUMÖRKUN

Stjórnin setti sér stefnu fyrir þremur árum eftir vinnufund eina helgi í Ölveri. Samkvæmt henni eru verkefni næstu starfsár að skoða leiðir til að fá fleiri kristniboða, efla bænalífið og kærleiks- og vináttusamfélag innan Kristniboðssambandsins.

FERÐIR TIL KRISTNIBOÐSLANDANNA

Ekki var um að ræða skiplagða kynnisferð á okkar vegum og engin slík í undirbúningi. Sigurður Árni Þórðarson fór ásamt fjölskyldu sinni í ferð til Eþíópíu og Keníu til að skoða verkefni okkar og kynna sér beiðnir um stuðning. Var það samkvæmt ósk Lilju S. Kristjánsdóttur sem lést í fyrra og arfleiddi Kristniboðssambandið að góðum hluta eigna sinna með því skilyrði að fjármunir yrðu nýttir í kristniboðsstarf í Afríku.

Framkvæmdastjóri SÍK heimsótti Pókot í Keníu í fyravor ásamt gjaldkera, Hermanni Bjarnasyni.

Um var að ræða eftirlit með útbreiðsluverkefni kirkjunnar og heimsóknir á ýmsa staði og eins að yfirfara, endurskoða og gefa ráð um bókhald og fjármálastjórn kirkjunnar. Kristján Þór Sverrisson og Helga Vilborg Sigurjónsdóttir heimsóttu Eþíópíu ásamt börnum sínum í nokkrar vikur yfir jól og áramót, m.a. til að fylgjast með þróun starfsins.

Ólafur Jóhannsson, formaður stjórnar SÍK, heimsótti, ásamt eiginkonu sinni Þóru Harðardóttur, Eþíópíu í ferð sem þau fóru á eigin vegum til að kynna sér kristniboðsstarfið þar í landi

3. ÚTGÁFA OG KYNNINGARMÁL

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Kristniboðsfréttir eru prentaðar í 4.300 eintökum og koma út fjórum sinnum á ári. Þær eru sendar til áskrifenda um allt land. Blaðið er mjög mikilvægur tengiliður við fjölda fólks og í blaðinu geta þau sem hafa áhuga fylgst með fréttum af starfinu. Blaðið nær víða og viðtökur eru yfirleitt mjög góðar. Kristín Bjarnadóttir er ritstjóri blaðsins. Prófaraklestur er í höndum Eddu Ólafsdóttur. Umbrot annast Hermann Ingj Ragnarsson.

VEFSÍÐAN WWW.SIK.IS

Heimasíða SÍK er einnig andlit okkar út á við. Hún var uppfærð í vorið 2015 til að koma betur til móts við notendur snjallsíma og spjaldtölva en sífellt fleiri nota snjalltæki til að fara á netið. SÍK er einnig með síðu á Facebook þar sem atburðir eru kynntir og fréttum miðlað. Vinahópur Kristniboðssambandsins þar telur nú tæplega 850 manns.

BJARMI

Bjarmi, tímarit um kristna trú, kom í fyrra út þrisvar á árinu og hefur verið í eigu SÍK undanfarin ár. Salt ehf. útgáfufélag gefur út blaðið í samstarfi við SÍK. Blaðið er nú gefið út í 600 eintökum. Á vefsíðunni www.bjarmi.is eru upplýsingar um áskrift og fleira. Ritstjóri er Ragnar Gunnarsson en með honum er Vigfús Ingvar Ingvarsson sem ritstýrði 1. tölublaðs þessa árs. Prófarakalesari er Þorgils Hlynur Þorbergsson. Umbrot er í höndum Hermanns Inga Ragnarssonar.

KRISTNIBOÐSPÓSTURINN

Tölvubréfið Kristniboðspósturinn er sent út tvisvar til þrisvar í mánuði. Í póstinum birtast fréttir af kristniboðunum, starfinu úti og heima, tilkynningar um viðburði og fleira. Flestir einstaklingar og félagar í aðildarfélögum SÍK, sem eru með netfang, fá póstin, auk þess getur hver sem er óskað eftir honum. Nú er hann sendur til um 250 áskrifenda. Kristján Þór Sverrisson hefur umsjón með póstinum.

ALMANAKIÐ

Kristniboðsalmanakið var gefið út í 9.000 eintökum. Hluta upplagsins var dreift í kirkjum landsins á kristniboðsdaginn og einnig í Basarnum næstu vikur á eftir. Almanakið var einnig sent með Kristniboðsfréttum til allra áskrifenda þess fyrir jólin. Með almanakinu fylgir seðill sem unnt er að nýta sér til að koma gjöfum til SÍK. Almanakið er góð kynning þar sem það hangir uppi allan ársins hring.

BÓKAÚTGÁFAN SALT EHF.

Salt ehf er í eigu SÍK. Engar bækur voru gefnar út á starfsárinu vegna slæmrar stöðu og dræmrar sölu undanfarið. Vefsíða útgáfunnar er www.saltforlag.is. Skrifað var undir samning vegna útgáfu New Living Translation Biblíunnar á íslensku á þeim forsendum að fjármagn berist til verksins utan frá. Jóhannesarguðspjall hefur verið þýtt og er í yfirlestri. Það verður væntanlega prentað og því síðan dreift í haust fyrir tilstuðlan Gídeon í Kanada.

4. SAMSTARFSVERKEFNI

SAMSTARFSSAMTÖK

SÍK hefur í áratugi verið í góðu samstarfi við KFUM og KFUK og eins Kristileg skólasamtök og Kristilegt stúdentafélag. Starfsmenn hafa tekið þátt í samverum og mótum fyrir börn, unglina og fullorðna, kynnt starfið og haft hugleiðingar og biblíulestra. Sjálfboðaliðar okkar frá Finnlandi hafa verið í góðu sambandi við KSS, KSF og unglingastarf Kristskirkjunnar.

DJÓÐKIRKJAN OG KÆRLEIKSPJÓNUSTUSVIÐ BISKUPSSTOFU

Samstarf okkar við Þjóðkirkjuna hefur farið vaxandi á liðnum árum. Kynning fór fram í mörgum kirkjum á liðnu starfsári og leitað er til okkar eftir efni um kristnið okkar Íslendinga. Kristnið okkar hefur fæst styrk úr Kirkjumálasjóði upp á 1,2 milljón króna sem er 40% lækkun frá undanförunum árum. Samskot til starfs okkar eru tekin reglulega í Grensáskirkju og Hallgrímskirkju í Reykjavík og við allar Tómasarmessur í Breiðholtskirkju en SÍK er í samstarfi um þær. Mörg prófastsdæmanna styrkja okkur og er framlag Reykjavíkurprófastsdæmis eystra myndarlegast eða 500 þúsund krónur á liðnu ári. Einnig hafa margir söfnuðir Þjóðkirkjunnar stutt starfið en mest komið frá Hallgrímskirkju, þ.e. rúmlega 700 þúsund, og Grensáskirkju m.a. vegna samskots.

Starfsmenn hafa átt mjög gott samstarf við kærleikspjónustusvið Biskupsstofu. Haraldur Þórðarson verður fulltrúi SÍK á leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar 6.-7. maí.

Framkvæmdastjóri SÍK er formaður nefndar Þjóðkirkjunnar um kristnið og hjálparstarf sem skipuð er af kirkjuráði til að efla skilning á þeim málum innan kirkjunnar.

Verkefnið um tengsl sókna á Íslandi við sóknir í systurkirkjum okkar í Keníu og Eþíópíu er í gangi en mætti vera betur sinnt. Á annan tug sókna hafa tekið að sér vináttusamband undir heitinu *Söfnuður til safnaðar*.

LINDIN OG SAMKIRKJULEGT STARF

SÍK styður útvarpsstöðina Lindina með mánaðarlegu framlagi og einnig flytja starfsmenn og sjálfboðaliðar

Kristnið okkar hefur þar hugleiðingar, kynna starfið eða sinna dagskrárgerð. Lindin auglýsir fúslega samkomur og annað sem um er að vera á vegum SÍK. Sá samstarfsandi sem þar ríkir er mjög þakkarverður.

SÍK tekur einnig þátt í samkirkjulegum bæna- stundum sem haldnar hafa verið í Friðrikskapelli frá því í ágúst 2008. Beðið er fyrir þjóðinni og ráðamönnum hennar.

Framkvæmdastjóri SÍK hefur verið formaður Alfa á Íslandi undanfarin ár en illa hefur gengið að kalla nefndina saman. Í ár eru 20 ár frá því fyrsta Alfanámskeiðið var haldið hér á landi. Vonandi tekst að efla Alfa-starfið á komandi misserum en um er að ræða öflugt tæki til að koma innihaldi og boðskapi kristinnar trúar á framfæri.

Kristján Þór Sverrisson er fulltrúi SÍK í undirbúningsnefnd Global Leadership Summit (GLS) ráðstefnu sem haldin hefur verið undanfarin ár í byrjun nóvember og var nú síðast haldin í Háskólabíói.

MANNÚÐARSAMTÖK Í PRÓUNARSAMVINNU

SÍK er í óformlegu samstarfi átta mannúðarsamtaka í þróunarsamvinnu. Hist er þrisvar á ári, eða oftast ef þörf krefur, og rætt um sameiginleg hagsmunamál. Framkvæmdastjóri situr einnig í þróunarsamvinnunefnd, skipaður að fengnu samráði við félagsamtök í þróunarsamvinnu. Nefndin hefur m.a. það hlutverk að vera utanríkisráðherra og ráðuneyti hans til ráðgjafar um stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.



5. FJÁRMÁL OG SKRIFSTOFA

SKRIFSTOFA OG AFGREIÐSLA

Skrifstofa og afgreiðsla SÍK er í Miðbæ við Háaleitisbraut, 2. hæð, fyrir neðan Kristniboðssalinn. Kristín Bjarnadóttir sinnir daglegum störfum gjaldkera en Ragnheiður Arnkelsdóttir bókhaldi.

BASARINN

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurveri. Heildartekjur voru rúmar nítján milljónir í fyrra en þá er ekki reiknað með launa- eða húsnæðiskostnaði. Karl Jónas Gíslason hefur daglega umsjón með markaðnum en fjöldi sjálfboðaliða aðstoðar við verðmerkingu, tiltekt og afgreiðslu. Á sama stað eru einnig bækur bókaútgáfunnar Salts og aðrar kristilegar bækur, innlendar og erlendar.

FJÁRMÁL

Kristniboðssambandið fær tekjur sínar að mestu leyti frá trúföstum velunnurum starfsins. Notuð frímerki og erlend smámynt eru góður tekjustofn. Jarle Reiersen leggur mjög mikla vinnu í að koma þeim í verð og góður hópur sinnir klippivinnu. Er Jarle og klippurum hér með þakkað kærlega fyrir fórnfúst sjálfboðastarf. Undanfarin ár höfum við í janúarmánuði verið í samstarfi við Íslandspóst um söfnun umslaga og frímerkja á afgreiðslustöðum Póstsins. Tekjur af frímerkja- og myntsölu í fyrra var um 4 milljónir.

Haustmarkaðurinn var haldinn í september og skilaði um 600 þúsund krónum. Verkefnið *Látum skóna ganga aftur* skilar einnig tekjum á hverju ári, um 3,6 í fyrra. Sjálfboðaliðar, einkum úr Kristniboðsfélagi karla, hafa aðstoðað við að flytja skó milli gáma fyrir útflutning.

Heildartekjur ársins 2015 voru um 94,8 milljónir og munar þar mest um arf frá Lilju S. Kristjánsdóttur upp á 27 milljónir króna. Gjafir annarra einstaklinga, félaga og kirkna var rúmar 30 milljónir, sala á vöru og þjónustu (Basarinn, frímerki, skógámar o.fl) 28 milljónir. Heildargjöld ársins með vaxtakostnaði var tæpar 84 milljónir. Kostnaður við ytra starf var um 31,5 milljón. Heildarfjárhagsáætlun yfirstandandi árs er um 75,4 milljónir króna.



DAKKARORÐ

Við þökkum öllum sem tengjast Kristniboðssambandinu með beinum eða óbeinum hætti og hafa lagt starfinu lið með fjárframlögum, munum á Basarinn, sjálfböðinni vinnu, fyrirbænum og öðru sem hefur orðið starfinu til eflingar. Í þessari skýrslu hafa sum nöfn verið nefnd og önnur eru ónefnd. Við þökkum hverjum og einum og biðjum þeim blessunar Drottins og að hjörtun fyllist gleði yfir því að fá að leggja sitt af mörkum svo ávöxtur starfsins verði enn ríkulegri. Jesús sendi lærisveina sína, kirkju sína, út um heiminn til að gera fólk að lærisveinum. Mættum við áfram vera trúföst og þjóna Drottni með gleði, boða fagnaðarerindið og kærleika Guðs í Jesú Kristi og þjóna náunganum í kærleika.

Ég minnst stöðugt fyrir augliti Guðs vors og föður hve mikið þið starfið í trúnni, stríðið í kærleikanum og eruð staðföst í voninni á Drottin vorn Jesú Krist.
(1. Pess 1.3)

*F.h. stjórnar og starfsmanna SÍK
(Kristniboðssambandsins)
Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri*





**SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA
HÁALEITISBRAUT 58-60,
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 533 4900
TÖLVUPÓSTUR: SIK@SIK.IS
SIK.IS**